REYKJAVÍKURBORG

Hugmyndasamkeppni
um skipulag á Geldinganesi

Reykjavíkurborg efnir til hugmyndasamkeppni um skipulag á Geldinganesi samkvæmt keppnislýsingu þessari og samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands.
Viðfangsefni þessarar hugmyndasamkeppni er að kanna byggingarmöguleika á Geldinganesi, sem frá náttúrunnar hendi er að mörgu leyti sérstætt sem byggingarsvæði.
Keppnissvæðið er allt Geldinganes, sem er um 220 hektarar að stærð, og auk þess eiðið sem tengir Geldinganesið við land.
Heimild til þátttöku hafa íslenskir ríkisborgarar og útlendingar með fasta búsetu á Íslandi, þó með þeim takmörkunum sem kveðið er á um 20. gr. samkeppnisreglna A.Í.
Trúnaðarmaður dómnefndar er Ólafur Jensson, framkvæmdastj. Byggingaþjónustunnar, Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, pósthólf 1191, 121 Reykjavík, símar 29266 og 39036 (heima).
Gögn varðandi keppnina verða afhent af trúnaðarmanni dómnefndar í Byggingaþjónustunni, Hallveigarstíg 1, Reykjavík. Keppnislýsing verður látin í té endurgjaldslaust, en fyrir önnur keppnisgögn skal greiða skilatryggingu að fjárhæð kr. 5.000.
Veitt verða verðlaun að fjárhæð kr. 5.000.000. Fyrstu verðlaun verða ekki lægri en kr. 2.500.000. Auk þess er dómnefnd heimilt að kaupa tillögur fyrir allt að kr. 1.000.000. Verðlaunaupphæð er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í maí 1989, 139,0 stig.
Tillögur skal afhenda trúnaðarmanni í Byggingaþjónustunni, Hallveigarstíg 1, Reykjavík, eigi síðar en 13. desember 1989, kl. 18.00 að íslenskum tíma.

Borgarstjórinn í Reykjavík



Gunnar B. Kvaran, forstöðumaður Kjarvalsstaða, ásamt Bernard Huan, forstöðumanni safnsins í Epinal, við verk eftir Andy Warhol; Campbell's soup.

NÝLISTASÝNING Á KJARVALSSTÖÐUM

Laugardaginn 22.júlí kl.16:00 verður opnuð sýning að Kjarvalsstöðum á alþjóðlegri nútímalist þar sem sýnd verða verk eftir þá listamenn sem borið hafa hvað hæst í listasögunni undanfarna áratugi, m.a. Frank Stella, Andy Warhol, Gilbert og George, Tony Cragg, Donald Judd og Sigmar Polke, svo nokkrir séu nefndir. Alls verða sýnd verk eftir 27 listamenn á sýningunni.

Sýningin kemur frá listasafni í Epinal í Frakklandi, en forsvarsmenn safnsins hafa lagt áherslu á að safna og fylgja eftir þeim listastefnum sem komu fram í byrjun 7. áratugarins.


Að sögn forstöðumanna Kjarvalsstaða hafa aldrei fyrr verið jafn margir merkir listamenn saman komnir innan veggja listasafns á Íslandi. **GS**

ÍSLAND TIL JAPAN

Þann 1. ágúst kl. 13.30 að japönskum tíma mun Leiksmiðjan Ísland sýna sjónleikinn Þessi ... þessi maður á alþjóðlegri leiklistarhátíð áhugaleikhópa í Toyama í Japan.

Toyama International Amateur Theater Festival er haldin á 3-4 ára fresti. Í ár munu 26 leikhópar frá 23 ríkjum og fjórum heimsálfum sýna á hátíðinni og verður atriðunum sjónvarpað um Japan.

Leiksmiðjan Ísland var stofnuð haustið 1987 en liðsmennirnir átta réðu til sín fjóra kennara í leiktúlkun, raddþjálfun, söng og líkamsþjálfun. Um vorið, að lokinni átta mánaða þjálfun, varð að ráði að settur var upp sjónleikur, enda höfðu í starfinu komið fram ákveðnir eiginleikar og týpur, sem verkið Þessi ... þessi maður byggði svo á. Kári Halldór, einn kennara hópsins og leikstjóri samdi heildarhugmynd og framvindu verksins en Steingrímur Másson einn meðlimanna, skrifaði samtöl og texta. Var sýnt í gamla



Björg Vilhjálmsdóttir og Ásta Arnardóttir.

málmsteypusal vélsmiðjunnar Héðins og sjónleiknum vel tekið. Síðastliðinn vetur barst boð frá Japan um að Leiksmiðjan Ísland kæmi með sýninguna á hátíðina í Toyama, sem fulltrúar Íslands.

Unnið hefur verið að undirbúningi ferðarinnar frá því í vetur en ljóst var að ýmsu þyrfti að breyta til að draga úr kostnaði við förina. Meginbreytingarnar voru þær að leikmynd var endurhönnuð og samin ný leikgerð verksins. Undirbúningurinn hefur einnig farið fram utan veggja leikhússins; mörg fyrirtæki, stofnanir og ýmsir einstaklingar hafa stutt Leiksmiðjuna á einn eða annan máta og vísast hefði ekki orðið af förinni ef ekki hefði komið til velvilji þessara aðila. Kann Leiksmiðjan Ísland þeim bestu þakkir fyrir.

Í tilefni leikfarar Leiksmiðjunnar Íslands til Toyama verða tvær sýningar á Þessi ... þessi maður í Leikhúsi Frú Emilíu, Skeifunni 3c dagana 21. og 23. júlí n.k. og hefjast þær kl. 21.00.

(Fréttatilkynning)

DEUTZ-FAHR
tromlumúgavélar



Eigum fyrirliggjandi takmarkaðar birgðir af þessum vinsælu DEUTZ-FAHR tromlumúgavélum á ótrúlega hagstæðu verði. Vinnslubreidd 3,5 m. Hafið samband við sölumenn okkar sem allra fyrst í Ármúla 11, eða hringið í síma 681500.

ÞÓR HF
KHD
DEUTZ FAHR



LEKUR BLOKKIN?
ER HEDDIÐ SPRUNGIÐ?
Viðgerðir á öllum heddum og blokkum.
Plönum hedd og blokkir – rennum ventla.
Eigum oft skiptihedd í ýmsar gerðir bifreiða.
Viðhald og viðgerðir á iðnaðarvélum – járnsmíði.
Vélsmiðja Hauks B. Guðjónssonar
Súðarvogi 34, Kænuvogsmegin – Sími 84110

Þjónusta við bændur:

Laugardagsopnun hjá Búnaðardeild Sambandsins

Í mörg ár hefur það tíðkast hjá Búnaðardeild Sambandsins að hafa varahlutaverslunina opna á laugardögum yfir sumarið, til að þjóna bændum yfir háannatímann, og er svo einnig nú í sumar. Að sögn þeirra Sambandsmanna, er þessi þjónusta mikið notuð og er þetta orðinn fastur liður á hverju sumri og mælist mjög vel fyrir. Mikið er um að vinir og kunningjar komi við og taki þá varahluti sem vantar, þegar þeir eru á leið í sveitina, en einnig er hægt að koma varahlutum með flugvélum og rútum vítt og breitt um landið. Opnunartíminn á laugardögum er kl. 10 f.h. til kl. 14. e.h. og er beinn sími við verslunina 39811.

Leiklist:

Námskeið fyrir unga áhugamenn

Þann 21.júlí hefst á Akranesi samnorrænt námskeið fyrir ungt áhugaleikhúsfólk. Námskeiðið ber yfirskriftina „Ævintýrið á götunni" og stendur í viku, eða til 29.júlí. Hápunktur námskeiðsins verður götu-leiksýning, sem fer fram í miðbæ Akraness klukkan 14:00, laugardaginn 29.júní.

Það er Bandalag íslenskra leikfélaga og Norræna áhugaleikhúsráðið sem halda námskeiðið og þátttakendur eru 48 talsins frá öllum Norðurlöndum.

Kennarar á námskeiðinu eru þrír; tveir Danir, þeir Jakob Kiörboe, tónlistarmaður og Jens Kirkedal Jensen, grímugerðarmaður. Kolbrún Halldórsdóttir, leikstjóri, verður íslenski kennarinn í hópnum. **GS**